

Ed.

441. Frumvarp til laga

[210. mál]

um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn orlofsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðuneytinu til aðstoðar er orlofsnefnd ríkisins. Í orlofsnefnd eiga sæti 7 menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára í senn, þrjár eftir tilnefningu Alþýðusambands

Íslands, tveir eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og einn án tilnefningar. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Starfssvið orlofsnefndar er m. a. að afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum, sem telja sig misrétti heitta samkvæmt lögum þessum, að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna, að hafa eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjárins, að gera tillögur um vaxtafót samkvæmt 12. gr. laganna og að úthluta fé úr orlofssjóði samkvæmt 14. gr. til orlofsmála.

2. gr.

Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

4. gr.

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt, eða hann er í orlofi, en ekki sá tími, sem hann er frá vinnu án lögmætra forfalla. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði eiga allir rétt á að fá 24 daga orlof á ári. Hafi launþegi ekki áunnið sér rétt til greiðslu fyrir tímabilið, samanber framansagt, tekur hann það orlof sem á vantar án kaups.

Orlofsárið skal að jafnaði vera frá 1. apríl til 31. mars en heimilt er í reglugerð að ákvarða annan tíma fyrir einstaka starfshópa.

5. gr.

Af orlofinu skal a. m. k. 21 orlofsdagar veittur á tímabilinu frá 16. maí til 30. september. Ef orlof er skemmra en 21 dagar, skal það veitt í einu lagi á þessu tímabili. Afganginn af orlofinu skal einnig veita í einu lagi, en hann má veita á öðrum tíma árs.

Í vinnu við landbúnað, síldveiðar, hvalveiðar og hvalvinnslu má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. 4. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, ef það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.

Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Samkomulag um skemmri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skapar launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga, eða orlofsgreiðslu. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir upphaf næsta orlofstímabils.

6. gr.

Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

7. gr.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

8. gr.

Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af launum.

Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattafirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b.5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

9. gr.

Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 8. gr.

Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag áður en orlof hefst.

10. gr.

Nú liggur atvinnurekstur niðri á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis og skal þá tilkynningarfrestur samkvæmt 6. grein um byrjun orlofs vera 3 mánuðir. Þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, geta þá ekki krafist launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

11. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun heint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

12. gr.

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur ásamt vöxtum sbr. 1. gr., þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við orlofsnefnd ríkisins.

13. gr.

Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

14. gr.

Framsál orlofsfjár er óheimilt.

Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan tveggja ára frá lokum orlofsársins, rennur í sérstakan orlofssjóð, sem nota skal til hagsbóta fyrir orlofsþega. Varsla og ráðstöfun sjóðsins er í höndum orlofsnefndar ríkisins og stendur sjóðurinn sjálfur undir kostnaði við rekstur sinn.

15. gr.

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þesum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkv. lögum nr. 14 20. október 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfurettinda.

16. gr.

Það varðar sektum, er renna í rikissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkv. lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.
 2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.
 3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr.
- Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

17. gr.

Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennt meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar satta.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 87 24. des. 1971 með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. ágúst 1974 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra Magnús Torfi Ólafsson eftirtalda menn í nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um orlof: Snorra Jónsson, framkvæmdastjóra, Ásmund Stefánsson, hagfræðing og Guðmund H. Garðarsson, alþingismann samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Þór Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóra og Barða Friðriksson, skrifstofustjóra, samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, Matthías Guðmundsson, póstmeistara, samkvæmt tilnefningu Pósts og síma, Skúla J. Pálmason, hæstaréttarlögmann, samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaga og Guðmund Karl Jónsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum um síðastliðin áramót.

Helstu breytingar á núgildandi orlofskerfi sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir eru eftirfarandi:

Sett verði á fót sérstök orlofsnefnd sem skipuð verði fulltrúum launþega og vinnuveitenda, en oddamaður verði tilnefndur af ráðherra.

Starfssvið orlofsnefndar er m. a. að afgreiða kvartanir frá launþegum og vinnuveitendum, sem telja sig misrétti þeirra samkvæmt lögum þessum, að hafa umsjón með framkvæmd orlofslaganna, að hafa eftirlit með útborgun og ávöxtun orlofsfjárins, að gera tillögur um vaxtafót samkvæmt 12. gr. laganna og að úthluta fé úr orlofssjóði samkvæmt 14. gr. til orlofsmála.

Orlofsárið skal að jafnaði vera frá 1. apríl til 31. mars þ. e. orlofsárið er hér fært aftur um einn mánuð. Orlofstímabilið skal vera frá 16. maí til 30. sept. þ. e. fært fram um hálfan mánuð. Myndast þarna 1½ mánaðar tímabil frá því að orlofsári lýkur þar til orlofstaka hefst. Þetta er nauðsynlegur vinnslutími fyrir Póst og síma, en hingað til hefur þurft að greiða orlof í tvennu lagi.

Samkomulag um skemmiri tíma en 21 orlofsdag á orlofstímabilinu skapar launþega rétt til orlofsuppbótar í formi viðbótarorlofsdaga eða orlofsgreiðslu.

Ef atvinnurekstur er lagður niður meðan á orlofi stendur er tilkynningarfrestur lengdur úr einum mánuði í þrjá mánuði.

Orlofsfé verði vaxtareiknað samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Gert er ráð fyrir að launþegi fái greidda vexti sem svarar mismuni á innlánsvöxtum og þeim kostnaði sem Póstur og sími þarf að standa undir við rekstur kerfisins.

Fyrningarfrestur orlofsfjár er lengdur úr einu ári í tvö ár. Gert er ráð fyrir að fyrnt orlofsfé renni í sérstakan orlofssjóð, en það rennur nú í lífeyrissjóð viðkomandi launþega sem aukaframlag af hans hálfu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að sérstök nefnd, sem skipuð er af þeim hagsmunahópum, sem mynda það fjármagn, sem orlofskerfið hefur yfir að ráða, fái ákveðið vald til m. a. að ráðstafa eftirlegufé í orlofskerfinu, hafa eftirlit með að pósthóstið veiti þá þjónustu, sem um verður samið um móttöku, bókhald og útborgun orlofsfjár gegn þeirri þóknun, sem sanngjörn má teljast. en vextir umfram kostnað, verði endurgreiddir launþegum. Einnig er reiknað með að nefndin gegni þjónustuhlutverki við kvartanaafgreiðslu og veiti innheimtu kerfisins viðhlítandi aðhald.

Um 2. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

1. mgr. Hér er til frekari áréttingar tekið fram, að launþegi ávinni sér ekki orlofsrétt á „skrópdögum“, enda ekki gert ráð fyrir, að orlofsmánuðurinn verði launahæsti mánuður ársins hjá þeim, sem taka orlofslaun.

2. mgr. skýrir sig sjálf.

3. mgr. Hér er orlofsárið fært aftur um einn mánuð. Þetta er gert í þeim tilgangi að veita framkvæmdaaðila orlofskerfisins tíma til að vinna nauðsynlega skýrsluvélavinnu við uppgjör orlofsársins og útsendingu orlofsávisana. Jafnframt er gert ráð fyrir, að tímabil orlofsársins sé undanþægt með reglugerðarákvæðum fyrir einstaka starfshópa, þannig að vikukaupsmenn enda orlofsárið síðasta laugar- dag í mars, sjómenn við lok vetrarvertíðar og þeir sem taka laun samkv. 11. gr. við áramót.

5. gr.

Orlofstímabilið er hér fært fram um hálfan mánuð í samna tilgangi og orlofsárið er fært aftur um einn mánuð í 3. mgr. 4. gr. Til þess að stytta ekki orlofstímabilið er þessum hálfan mánuði bætt aftan við. 2. mgr. óbreytt að öðru leyti en því að hvalveiðum og hvalvinnslu er bætt aftan við orðið síldveiðar.

3. mgr. óbreytt sbr. lög nr. 12/1974.

4. mgr. Hér er gert ráð fyrir, að samkomulag vinnuveitenda og launþega um vetrarorlof komi launþega til góða með einhverri uppbót. Þetta hefur nokkuð tíðkast t. d. hjá þeim er starfa að ferðamálum.

Um 6., 7., 8. og 9. gr.

Óbreyttar, samhljóða 5., 6., 7. og 8. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að þeir vinnuveitendur, sem loka fyrirtækjum sínum vegna orlofs starfsfólks geti tilkynnt slíkt með lengri fyrirvara en ella. Launþegi á þess þá ekki kost að breyta orlofstöku sinni með vinnuskiptum eða samkomulagi við vinnufélaga sína, sem hann þó oft getur í öðrum tilvikum.

Um 11. gr.

Óbreytt, samhljóða 10. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að orlofsfé sé vaxtareiknað á þann hátt, að vaxtatekjur orlofskerfisins umfram kostnað séu greiddar launþegum í formi vaxta, að höfðu samráði við orlofsnefnd.

Um 13. gr.

Óbreytt, samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að flutningur orlofs frá einu ári til annars sé heimil, þannig er fyrningarfrestur orlofsfjár framlengdur um eitt ár. Þá er og gert ráð fyrir að eftirlegufé í orlofskerfinu renni í sérstakan orlofssjóð, en ekki í lífeyrissjóð viðkomandi orlofsþega.

Um 15., 16. og 17. gr.

Óbreyttar, samhljóða 14., 15. og 16. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því, að felld eru niður ítrekunaráhrif brota samkv. 3. mgr. 15. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.